



Ársskýrsla Vorstehdeildar 2024

Kosin var ný stjórn 2024

Fráfarandi stjórn gaf ekki kost á sér aftur og voru því kosin Friðrik Þór Hjartarson, Hafrún Sigurðardóttir, Arnar Már Ellertsson, Hannes Blöndal, Brynjar S. Sigurðsson í stjórn.

Got á árinu:

Það bættist heldur betur í Vorsteh stofninn á árinu, 37 hvolpar. 23 snögghærðir og 14 strýhærðir.

Strýhærður Vorsteh

Faðir: G-Boss Jr av Brandsegg Søndre
Móðir: Ice Artemis Brún
fæddust 14 hvolpar 30.08.2024

Snögghærður Vorsteh

Faðir: Skåtfjellets DLT Leo
Móðir: Zeldu BST Nikíta
fæddust 12 hvolpar 16.febrúar 2024

Faðir: Rugdelias ØKE Tiur
Móðir: Caput Altum Siba
fæddust 11 hvolpar 17. febrúar 2024

Þess má geta að ekki hafa fengist ættbókaskráningar á snögghærðu gotin þrátt fyrir að allir foreldrar séu ættbókafærðir hjá HRFÍ. Málið er enn í vinnslu og vonast stjórn Vorstehdeildar að skráning á þessi got fáist sem fyrst.

Landnemi

Á árinu var flutt inn einn snögghærður Vorsteh frá Rúmeníu.

Ættb.nr: IS37474/24

Nafn: Karpaten Irbis Gloria

Kyn: Tík

Æfingargöngur

Vorstehdeild tók höndum saman með FHD og DESÍ og héldu deildirnar sameiginlegar æfingar fyrir bæði heiðar og sækíprófin. Góð mæting var á æfingarnar og góð stemmning í hópnum.

Veiðipróf

Vorstehdeild hélt 3 veiðipróf á árinu, 2 heiðarpróf og 1 sækípróf.

Góð þátttaka var í prófunum og ríkti almenn ánægja og góð stemmning á meðal þátttakenda og dómara.

Deildin flutti inn 2 erlenda dómara fyrir heiðarprófin, þá Alexander Kristiansen frá Noregi og Ola Øye frá Noregi.

Unnur Unnsteinsdóttir dæmdi sækíprófið.

Aðrir dómara voru Einar Kaldi og Guðjón Arinbjarnar og vill deildin þakka kærlega fyrir hjálpina á árinu.

Vorpróf Vorstehdeildar

Prófið var haldið daganna 12-14 apríl 2024.

Prófað var í unghundaflokki og opnumflokki ásamt keppnisflokki á sunnudeginum.

Dómarar voru Alexander Kristiansen frá Noregi og

Einar Kaldi Rafnsson sem var einnig fulltrúi HRFÍ.

Prófstjórar voru Ólafur E. Ólafsson, Hannes Blöndal og Arnar Már Ellertsson

Árangur Vorstehunda

opinn flokkur

Arkenstone Með Allt á Hreinu – 1. einkunn (besti hundur dags)
ásamt 1. sæti í keppnisflokki

Veiðimela Bjn Freyja – 2. einkunn

Sækipróf Vorstehdeildar

Sækiprófið var haldið dananna 22-23 júní 2024

Prófað var í unghunda og opnum flokkiDómarar voru Unnur

Unnsteinsdóttir og Guðni Stefánsson (Guðni forfallaðist)

Fulltrúi HRFÍ var Unnur Unnsteinsdóttir

Prófstjórar voru Friðrik Þór Hjartarson og Arna Ólafsdóttir

Árangur Vorstehunda

Fyrri dagur – opinn flokkur

Ljósufjalla Heiða – 1. einkunn BHP

Ice Artemis Ariel – 1. einkunn

Ice Artemis Skuggi – 2. einkunn

Ice Artemis Katla – 2. einkunn

Arkenstone Með Allt á Hreinu – 2. einkunn

Seinni dagur – opinn flokkur

Ice Artemis Ariel – 1. einkunn BHP

Ljósufjalla Heiða – 1. einkunn

Arkenstone Með Allt á Hreinu – 1. einkunn

Ice Artemis Katla – 2. einkunn

Ice Artemis Skuggi – 2. einkunn

Haustpróf Vorstehdeildar

Prófið var haldið daganna 11-13 okt 2024

Prófað var í unghunda og opnum flokki ásamt keppnisflokki á sunnudeginum.

Dómarar voru Ola Øye frá Noregi og Guðjón Arinbjarnar

Fulltrúi HRFÍ var Guðjón Arinbjarnar

Prófstjórar voru Friðrik Þór Hjartarson og Arna Ólafsdóttir

Árangur Vorstehunda

11. okt – unghunda flokkur

Heiðnabergs Haki – 2. einkunn BHP

12. okt – unghunda flokkur

Heiðnabergs Haki – 2. einkunn

Heiðnabergs Milla – 2. einkunn

Sýningar HRFÍ

Sýningarárangur Vorsteh hunda árið 2024.

Deildasýning Fuglahunda 19. Maí 2024

Vorstehdeild hélt í samstarfi við Fuglahundadeild, Deild Enska Setans og írsk setter deild vel heppnaða deildarsýningu en

áraraðir eru frá því að síðast var haldin deildarsýning fyrir tegundahóp 7.

Skráning var góð. 58 hundar af 11 tegundum voru skráðir á sýninguna ásamt 11 ungum sýnendur sem allir sýndu hunda úr tegundahópi 7.

Af 58 hundum voru 9 snögghærðir Vorsteh og 3 strýhærðir. Auk þess var snögghærður Vorsteh valinn besti ræktunarhópur sýningar.

Þá var strýhærður vorsteh þriðji besti hundur sýningar.

Í heildina stóðst Vorsteh hundum til boða að taka þátt í 7 sýningum að meðtalinni deildarsýningunni og voru í heildina skráðir 44 hundar.

Til gamans má geta að af þessum 7 sýningum, komust Vorsteh hundar í grúbbu sæti á 5 sýningum og einu sinni í sæti sem besti hundur sýningar.

Það var Ice Artemis Brún sem varð þriðji besti hundur sýningar á sameiginlegri deildarsýningu fuglahundadeildanna.

Einnig er gaman að segja frá því að Zeldu CNF Eldur var tvisvar sinnum í 1. Sæti í grúbbu á HRFI sýningu.

Einnig stóðu Vorstehhundar sig frábærlega í prófum hjá öðrum deildum, bæði eftir Norskum og Sænskum reglum á heiði og í sækiþrófum,

Við óskum öllum leiðendum og Vorstehhundum til hamingju með árangurinn í veiðiþrófum og sýningum á árinu.

Meistarar

Stigahæðstu Vorstehhundar 2024

Opin flokkur

Arkenstone Með Allt á Hreinu Erro

Unghundaflokkur

Heiðnabergs Haki / Heiðnabergs Milla

Stigahæðstur hundur deildarinnar

Arkenstone Með Allt á Hreinu Erro

Stigahæðsti hundur á sýningum

Zeldu CNF Eldur

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar árið 2024 voru Dýrheimar (Royal Canine), Óstöðvandi (Non-stop á Íslandi) og Innnes með Famous Grouse Whiskey

Vorstehdeild þakkar styrktaraðilum deildarinnar kærlega fyrir stuðninginn án þeirra væri illmögulegt að halda þessa glæsilegu viðburði.

Deildin fékk nýjan styrktaraðila fyrir árið 2025 sem er Dýrakofinn á Selfossi. Dýrakofinn er að selja m.a. Sportsman 's Pride, Belcando og CARM fóður ásamt að vera með fulla búð af frábærum vörum.

Innnes mun halda áfram á styrkja deildina með Famous Grouse Whiskey



SPORTSMAN'S PRIDE

